



LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	4
Áritun endurskoðenda	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Reikningskilaaðferðir	10
Skýringar	11
Kennitölur	16
Fjárfestingarstefna	17
Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna	19

Lífeyrissjóður lækna
Kennitala: 430269-5779
Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Hlutverk Lífeyrissjóðs lækna er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlifandi mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri. Sjóðfélagar geta orðið allir íslenskir lækna og þeir lækna erlendir sem starfa eða starfað hafa hér á landi samkvæmt kjarasamningum lækna. Sjóðurinn er samtryggingarsjóður og eru réttindi aldurstengd.

Raunávöxtun

Árið 2003 var raunávöxtun Lífeyrissjóðs lækna 13,1% sem er næst hæsta ávöxtun í sögu sjóðsins. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 3,3% og síðustu 10 ára 5,9%.

Góð ávöxtun var á verðbréfamörkuðum árið 2003. Mikil hækkun var á innlendum hlutabréfamarkaði og hækkaði vísitala aðallista Kauphallar Íslands um 44,5%. Erlendir hlutabréfamarkaðir tóku við sér á vormánuðum og hækkaði bandaríska vísitalan S&P500 um 26,4% í dollurum en um 11,3% í íslenskum krónum þar sem dollarinn veiktist um 11,9% gagnvart íslensku krónunni. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 15,2% í íslenskum krónum. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var einnig góð og hækkaði viðmiðunarvísitala ríkisskuldabréfa um 11,4%.

Taflan sýnir ávöxtun sjóðsins, ávöxtun helstu verðbréfaflokka, eignasamsetningu sjóðsins og þróun helstu vísitalna.

Ávöxtun í %		
Nafnávöxtun 2003	16,1	
Raunávöxtun 2003	13,1	
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár (1999-2003)	3,3	
Meðalraunávöxtun sl. 10 ár (1994-2003)	5,9	
Ávöxtun verðbréfaflokka 2003 í %		
	Nafn	Raun
Skuldabréf	13,3	10,3
Innlend hlutabréf	34,3	30,8
Erlend hlutabréf	16,4	13,3
Eignir 31.12.2003 í %		
	Safn	Stefna
Skuldabréf	64	50
Innlend hlutabréf	15	10
Erlend hlutabréf	21	40
Þróun helstu vísitalna árið 2003 í %		
Vísitala neysluverðs	2,7	
Vísitala húsbrefta 9,6 ár	13,6	
Heildarvísitala aðallista	44,5	
Heimsvísitala hlutabréfa (USD)	30,8	
Heimsvísitala hlutabréf (ÍSK)	15,2	

Stærð, fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega

Heildareignir Lífeyrissjóðs lækna í árslok 2003 voru 15,6 milljarðar og stækkaði sjóðurinn um 2,6 milljarða á árinu.

Á skrá hjá sjóðnum eru 2.024 lækna. Virkir sjóðfélagar eru 1.104 (meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu) en 1.169 lækna greiddu iðgjald einhvern tímann á árinu 2003. Greidd iðgjöld voru 768 milljónir króna og hækkuðu þau um 2,4%.

Lífeyrissjóðurinn greiddi 330 milljónir króna í lífeyri á árinu og jukust þær um 11% frá fyrra ári. Lífeyrir var greiddur til 228 lífeyrisþega, 161 vegna ellilífeyris, 7 vegna barnalífeyris, 49 vegna makalífeyris og 11 vegna örorkulífeyris.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs lækna voru samtals 21 milljón árið 2003. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,1%.

Skýrsla stjórnar

Fjárfestingar

Á árinu 2003 keypti Lífeyrissjóður lækna verðbréf fyrir 2.402 milljónir króna sem sundurliðast þannig:

Verðbréf	milljónir króna
Innlend hlutdeildarskírteini	737
Erlend hlutdeildarskírteini	632
Innlend hlutabréf	172
Erlend hlutabréf	74
Lán til sjóðfélaga	315
Önnur skuldabréf	472

Lán til sjóðfélaga

Á síðustu árum hefur verið jöfn og stöðug eftirspurn eftir lánum til sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga samkvæmt sérstökum lánareglum sem stjórn sjóðsins gefur út. Sjóðfélagar eiga rétt á lánnum ef þeir greiða iðgjöld til sjóðsins og hafa greitt í sjóðinn a.m.k. 200.000 kr. í iðgjöld. Lánsfjárhæð er allt að 6 milljónir króna að frádregnum eftirstöðvum eldri lána. Lánstími er 25 ár eða styttri tími að vali sjóðfélaga. Lánin eru verðtryggð og bera fasta vexti 5,5%. Fasteignaveð þarf að vera til tryggingar lánnum og má veðsetning ekki fara yfir 60% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis eða 35% af metnu markaðsverði atvinnuhúsnæðis. Veðsetning má aldrei fara yfir 85% af brunabótamati.

Á árinu 2003 voru veitt lán til sjóðfélaga fyrir alls 315 milljónir (104 lán, meðallán 3,0 milljónir) en árið 2002 var fjárhæðin 389 milljónir (132 lán, meðallán 2,9 milljónir).

Tryggingafræðileg staða

Í febrúar 2004 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun á sjóðnum sem miðaðist við árslok 2003. Helstu niðurstöður athugunarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina voru, að eignir sjóðsins að meðtöldu verðmæti framtíðariðgjalda nema nú 0,1% umfram skuldbindingar.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð í lok ársins 2002. Samþykktum sjóðsins var breytt í lok janúar 2003 og var heildarstaða sjóðsins eftir þær breytingar neikvæð um 4%. Staða sjóðsins batnar því umtalsvert á árinu sem

Ilaekna.is

Á Ilaekna.is geta lækna fundið allar helstu upplýsingar og almennar upplýsingar um lífeyrismál. Þar geta sjóðfélagar m.a. séð nýjustu fréttir og tilkynningar frá sjóðnum og skoðað yfirlit með upplýsingum um innborganir og áunnin lífeyrisréttindi. Á heimasíðu sjóðsins er jafnframt reiknivél en í henni geta sjóðfélagar reiknað dæmi um inneign í séreignarsjóði og lífeyrisgreiðslur í starfslok.

Fjárfestingarstefna LL

Í nóvember var fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs lækna endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða. Úrdráttur úr fjárfestingarstefnu sjóðsins er fylgiskjal ársreikningsins, sjá bls. 15-16. Nokkuð vantar upp á að eignir sjóðsins séu í samræmi við fjárfestingarstefnuna og er stefnt að því að ná markmiðum um eignasamsetningu í árslok 2009. Stefnan er að ná þessu markmiði með ráðstöfun á nýju fé.

Viðræður við Almenna lífeyrissjóðinn

Í haust hófust könnunarviðræður við stjórn Almenna lífeyrissjóðsins um hugsanlegt samstarf eða sameiningu sjóðanna. Tilfni viðræðna var að kanna hvort sjóðirnir geti hugsanlega náð fram hagræðingu og áhættudreifingu með samstarfi eða sameiningu sjóðanna. Annað markmið með viðræðunum er að leita leiða til að aðskilja fjárfestingaráhættu sjóðfélaga og lífeyrisþega. Viðræðurnar hafa gengið vel og hefur viðræðuhópur sjóðanna skilað tillögum sem eru til skoðunar hjá hvorum sjóði um sig.

Stjórn Lífeyrissjóðs lækna og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2004

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Lífeyrissjóðs lækna

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs lækna fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir, skýringar nr. 1 - 9 og kennitölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum lífeyrissjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 18. mars 2004

PricewaterhouseCoopers hf.

Valdimar Guðnason

Jón Arnar Baldurs

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003

	Skýringar	2003	2002
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðsfélaga		324.481	315.926
Iðgjöld launagreiðenda		446.298	434.885
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(2.538)	167
		<u>768.241</u>	<u>750.978</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	1	329.997	296.791
		<u>329.997</u>	<u>296.791</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	2	383.518	(224.840)
Vaxtatekjur og gengismunur	3	1.750.493	(31.693)
Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar	4	3.214	0
		<u>2.137.225</u>	<u>(256.533)</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.961	6.566
		<u>6.961</u>	<u>6.566</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		14.135	12.786
		<u>14.135</u>	<u>12.786</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
		2.554.373	178.302
Hrein eign frá fyrra ári		13.009.801	12.831.499
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>15.564.174</u></u>	<u><u>13.009.801</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	Skýringar	2003	2002
Fjárfestingar	5		
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	10.877.695	8.466.098
Verðbréf með föstum tekjum		2.381.879	2.097.670
Veðlán		2.281.921	2.347.097
Aðrar fjárfestingar		1.336	1.336
		<u>15.542.831</u>	<u>12.912.201</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		0	37.321
Aðrar kröfur		19.061	4.743
		<u>19.061</u>	<u>42.064</u>
Aðrar eignir			
Handbært fé		4.412	75.239
		<u>4.412</u>	<u>75.239</u>
Eignir samtals		<u>15.566.304</u>	<u>13.029.504</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ýmsar skuldir		2.130	19.703
		<u>2.130</u>	<u>19.703</u>
Samtals hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>15.564.174</u>	<u>13.009.801</u>

Fjárhæðir eru í þús. króna

Sjóðstreymi ársins 2003

	Skýringar	2003	2002
Inngreiðslur			
Iðgjöld		805.562	755.804
Fjárfestingartekjur		524.052	405.058
Afborganir verðbréfa		557.277	430.981
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		811.696	426.468
Seldar aðrar fjárfestingar		0	9.500
Aðrar inngreiðslur		2.849	17.162
		<u>2.701.436</u>	<u>2.044.973</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		329.997	296.791
Fjárfestingargjöld		7.134	6.567
Rekstrarkostnaður án afskrifta		14.095	12.785
Aðrar útgreiðslur		19.517	0
		<u>370.743</u>	<u>316.143</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>2.330.693</u>	<u>1.728.830</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		1.615.239	1.232.075
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		471.305	78.925
Ný veðlán og önnur útlán		314.976	388.700
		<u>2.401.520</u>	<u>1.699.700</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(70.827)	29.130
Handbært fé í byrjun tímabils		75.239	46.109
Handbært fé í árslok		<u>4.412</u>	<u>75.239</u>

Fjárhæðir eru í þús. króna

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, því undanskildu sem tekið er fram hér á eftir.

Breyting á reikningsskilaaðferð

Á árinu var breytt meðhöndlun á iðgjaldtekjum í ársreikningi sjóðsins. Kröfur á laungreiðendur vegna áætlaðra iðgjalda í desember eru ekki færð í reikningsskilin í ár heldur er aðeins miðað við innborguð iðgjöld til ársloka 2003. Þetta leiðir til þess að iðgjöld í ársreikningnum ná aðeins til 11 mánaða tímabils í stað 12 mánaða árinu 2002. Í árslok 2002 námu ógreidd iðgjöld 37,3 millj. króna.

Matsaðferðir

Við samningu reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum.

Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Önnur bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra reynist. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2003.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Veðlán eru útlán til sjóðsfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Veðlán eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi árbyrjun 2004.

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir, sem metnar eru á kostnaðarverði eða markaðsverði hvort sem lægra er og eignarhlutur í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu ehf. sem metinn er á framreiknuðu kostnaðarverði.

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir eru bókfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2004. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

1. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig:	2003	2002
Ellilífeyrir	257.314	235.594
Örorkulífeyrir	27.209	21.756
Makalífeyrir	43.563	37.248
Barnalífeyrir	1.911	2.193
	<u>329.997</u>	<u>296.791</u>

2. Tekjur af eignarhlutum

Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

Af innlendum hlutabréfum	308.643	115.034
Af erlendum hlutabréfum	74.875	(339.874)
	<u>383.518</u>	<u>(224.840)</u>

3. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

Hlutdeildarskírteini	1.315.421	(379.955)
Verðbréf með föstum tekjum og veðlán	417.905	358.436
Bankainnstæður	3.340	(19.797)
Dráttarvextir	5.633	7.162
Aðrar vaxtatekjur	8.194	2.461
	<u>1.750.493</u>	<u>(31.693)</u>

4. Breyting á niðurfærslu

Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Niðurfærsla 1/1 2003	63.505
Afskrifuð töpuð lán á árinu	(3.843)
Tekjufærð niðurfærsla	(3.214)
Niðurfærsla 31/12 2003	<u>56.448</u>

Skýringar

5. Fjárfestingar

	2003	2002
Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:		
Innlend hlutabréf:		
Skráð bréf	1.286.409	981.830
Óskráð bréf	1.207	15.757
	<u>1.287.616</u>	<u>997.588</u>
Erlend hlutabréf:		
Skráð bréf	562.799	407.379
Óskráð bréf	82.100	88.504
	<u>644.899</u>	<u>495.883</u>
Innlend hlutdeildarskírteini:		
Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	3.398.888	2.835.613
Sjóðir með hlutabréfum	1.342.641	920.616
Sjóðir með markaðsskuldabréfum	2.013.890	1.553.912
	<u>6.755.419</u>	<u>5.310.141</u>
Erlendir hlutdeildarskírteini:		
Sjóðir með hlutabréfum	2.189.761	1.637.452
Sjóðir með markaðsskuldabréfum	0	25.034
	<u>2.189.761</u>	<u>1.662.486</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum alls	10.877.695	8.466.098
Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	588.304	635.906
Bankabréf	736.423	636.030
Önnur bréf	1.057.152	825.734
	<u>2.381.879</u>	<u>2.097.670</u>
Veðlán greinast þannig:		
Lán til sjóðfélaga	1.694.051	1.520.270
Önnur veðlán	587.870	826.827
	<u>2.281.921</u>	<u>2.347.097</u>
Aðrar fjárfestingar greinast þannig:		
Fullnustueignir	376	376
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu ehf.	960	960
	<u>1.336</u>	<u>1.336</u>
Fjárfestingar í gjaldmiðlum greinast þannig:		
Fjárfestingar í íslenskum krónum	12.312.590	10.542.609
Fjárfestingar í USD	3.160.243	2.317.712
Fjárfestingar í DKK	1.040	984
Fjárfestingar í GBP	8.839	9.138
Fjárfestingar í SEK	0	10.000
Fjárfestingar í EUR	60.119	31.758
	<u>15.542.831</u>	<u>12.912.201</u>

Fjárhæðir eru í þús. króna

Skýringar

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréfaeign greinist þannig:	Nafnverð	Eignarhlutdeild	Markaðsverð 2003	Markaðsverð 2002
Hlutabréf skráð á aðallista Kauphallar Íslands				
Eimskipafélag Íslands hf.	26.527	0,60%	188.340	192.508
Grandi hf.	0	0,00%	0	99.601
Íslandsbanki hf.	138.321	1,32%	885.253	481.432
Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf.	0	0,00%	0	3.651
Jarðboranir hf.	11.110	2,78%	109.989	79.437
Kögun hf.	549	0,46%	17.568	15.427
Líftækisjóðurinn hf.	2.500	1,34%	7.876	7.750
Nýherji hf.	5.400	2,05%	47.520	44.820
Opin Kerfi Group hf.	119	0,04%	2.262	2.381
Samherji hf.	1.430	0,09%	12.874	14.305
Síldarvinnslan hf.	594	0,03%	2.377	3.119
Sjóvá - Almennar hf.	0	0,00%	0	18.550
Sláturfélag Suðurlands svf.	13.000	6,50%	12.350	18.850
			<u>1.286.409</u>	<u>981.831</u>
Óskráð félög			Bókfært verð	Bókfært verð
Kaupás hf.	0	0,00%	0	14.550
Loðnuvinnslan hf.	346	0,05%	207	207
Plastos umbúðir hf.	1.000	0,98%	1.000	1.000
			<u>1.207</u>	<u>15.757</u>
Innlend hlutabréfaeign samtals			<u>1.287.616</u>	<u>997.588</u>
Erlend hlutabréf skráð			Markaðsverð	Markaðsverð
Morgan Stanley fjárvarsla			562.014	407.178
DeCode Genetics Inc.			785	201
			<u>562.799</u>	<u>407.379</u>
Erlend hlutabréf óskráð			Bókfært verð	Bókfært verð
Allied Resource Corp.			47.645	47.645
Icelandic Venture S.A. (Uppspretta)			12.000	14.340
OZ.COM			11	1.240
Puralube Inc.			12.814	14.545
Scandinavian Pizza Comp.			1.040	984
BioStradum Inc.			8.590	9.750
			<u>82.100</u>	<u>88.504</u>
Erlend hlutabréfaeign samtals			<u>644.899</u>	<u>495.883</u>

Fjárhæðir eru í þús. króna

Skýringar

Hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini geinast þannig:

	Markaðsverð 2003	Markaðsverð 2002
Innlend hlutdeildarskírteini		
Sjóður 1 Innlend hlutabréf	586.193	428.483
Sjóður 6 Aðallistasjóður	1.005.911	750.290
Sjóður 7 Húsbréf	3.398.888	2.835.613
Sjóður 9 Peningamarkaðsbréf	19.683	52.402
Sjóður 11 Löng skuldabréf	1.408.014	1.073.027
Sjóður 19 Fjármál	89.383	42.286
Sjóður 20 Heilsuvernd	77.662	46.530
Sjóður 21 Lífstíll	94.672	44.053
Sjóður 22 Tækni	75.013	37.457
	<u>6.755.419</u>	<u>5.310.141</u>
Erlend hlutdeildarskírteini		
ISB Global Equity	86.263	72.520
Schudder, sérgreint eignasafn	0	63.132
Scudder, Str. Global Themes Fund	0	273.734
Wellington Global Equity	312.913	0
Vanguard, S&P 500 Stock Index Fund	513.052	359.288
Vanguard, European Stock Index Fund	352.241	232.577
Vanguard, Global Stock Index Fund	925.292	636.201
	<u>2.189.761</u>	<u>1.637.452</u>
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>8.945.180</u>	<u>6.947.593</u>
Erlend markaðsskuldabréf	0	25.034
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>10.877.695</u>	<u>8.466.098</u>

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.780	1.760
Launatengd gjöld	215	205
	<u>1.995</u>	<u>1.965</u>

Sjóðurinn hafði enga starfsmenn á árinu. Heildarlaun og þóknanir til stjórnar námu 1.995 þús. króna. Þóknun til Íslandsbanka hf vegna umsjónar nam 11.359 þús. króna.

8. Afleiðusamningar

Framvirkir gjaldmiðlaskipta- og valréttarsamningar greinast þannig:

	Gjaldmiðlaskipta- samningar	Valréttar- samningar	2003	2002
Eignir í íslenskum krónum	70.100	179.921	250.022	42.183
Skuldir í erlendri mynt	(69.339)	(169.087)	(238.427)	(40.874)
	<u>761</u>	<u>10.834</u>	<u>11.595</u>	<u>1.309</u>

Gjaldmiðlaskiptasamningar hafa verið gerðir til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Afkoma lokaðra samninga og þeirra sem voru opnir í árlök eru færð í reikningsskilin. Í árslok voru tveir valréttarsamningar með neikvæða stöðu og er áhrif þeirra ekki færð í reikningsskilin. Valréttargjald 5.764 þús. króna er gjaldfært línulega á líftíma viðkomandi samninga. Á árinu 2003 nam gjaldfærslan 2.640 þús. króna.

Fjárhæðir eru í þús. króna

Skýringar

9. Tryggingafræðileg úttekt

Í febrúar 2004 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2003. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysliverðs næstu áratuginna voru, að eignir sjóðsins nema 0,1% umfram höfuðstól sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda. Breyting frá neikvæðri stöðu um 9,7% í árslok 2002 skýrist af jákvæðri raunávöxtun sjóðsins á árinu 2003 og skerðingu réttinda hjá sjóðnum um 9% í ársbyrjun 2003.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	15.564,2		15.564,2
Endurmat	1.416,3		1.416,3
Lækkun v/núvirði fjárfestingakostnaðar	(165,2)		(165,2)
Núvirði framtíðariðgjalda		10.198,4	10.198,4
Eignir samtals	<u>16.815,3</u>	<u>10.198,4</u>	<u>27.013,7</u>
 Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	12.629,5	6.814,8	19.444,3
Örorkulífeyrir	838,5	675,2	1.513,7
Makalífeyrir	3.717,1	1.867,9	5.585,0
Barnalífeyrir	9,1	100,9	110,0
Rekstrarkostnaður	151,8	173,5	325,3
Skuldbindingar samtals	<u>17.346,0</u>	<u>9.632,3</u>	<u>26.978,3</u>
 Eignir umfram skuldbindingar	<u>(530,7)</u>	<u>566,1</u>	<u>35,4</u>
 Eignir í hlutfalli af skuldbindingum	<u>-3,1%</u>	<u>5,9%</u>	<u>0,1%</u>

Kennitölur

	2003	2002	2001	2000	1999
Raunávöxtun	13,1%	-3,9%	-2,4%	-4,2%	16,5%
Hrein raunávöxtun	13,0%	-4,0%	-2,5%	-4,2%	16,3%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	3,3%	2,4%	4,9%	7,8%	10,4%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	69,5%	64,8%	64,3%	64,5%	63,9%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	9,7%	11,3%	18,0%	17,9%	19,3%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,5%	0,8%	1,0%	1,4%	1,1%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	5,6%	4,9%	0,0%	0,0%	0,0%
Veðlán	14,7%	18,2%	16,6%	16,1%	15,5%
Annað	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	79,2%	81,6%	75,3%	72,5%	72,9%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	20,8%	18,4%	24,7%	27,5%	27,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi sjóðfélaga	1.104	1.217	1.204	1.159	1.095
Fjöldi lífeyrisþega	228	211	207	180	140
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	78,0%	79,4%	78,8%	74,6%	74,9%
Örorkulífeyrir	8,2%	7,3%	8,6%	11,8%	6,6%
Makalífeyrir	13,2%	12,6%	12,2%	13,3%	17,8%
Barnalífeyrir	0,6%	0,7%	0,4%	0,0%	0,7%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	99,7%	100,0%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-3,1%	-17,8%	-11,0%	-1,9%	8,3%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	0,1%	-9,7%	-4,8%	-6,7%	47,8%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,8%	1,7%	1,9%	2,6%	3,1%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	43,0%	39,5%	38,7%	29,8%	18,3%
Stöðugildi á árinu	0	0	0	0	0

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs lækna 2004

í samræmi við reglur FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða

Markmið Lífeyrissjóðs lækna, LL, er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökti ársávöxtunar).

Sjóðstjóri skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning LL skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Fjárfestingarstefna	Markmið um eignasamsetn.	Vikmörk %	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþ.	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk %	Óskráð verðbréf	Vikmörk %
Skuldabréf	50,0%	+25/-0%						
Innlán, laust fé		+5	0,9%		0,0%	+10		
Skuldabr. m.áb. ríkisins	20,0%	+20/-10%	30,1%		0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. bæjar- og sveitarf.	3,0%	+5/-3	4,1%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. fjármálastofnanna	7,5%	+5/-5	9,3%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Fasteignaveðtryggð skuldabr.	12,0%	+10/-10	15,9%		0,0%	+10		
Önnur verðbréf	7,5%	+5/-5	4,8%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Hlutabréf	50,0%	+0/-25						
Innlend hlutabréf	10,0%	+10/-5	14,5%	50,0%			0,0%	+10
Erlend hlutabréf	40,0%	+5/-25	20,4%	50,0%	40,0%	+5/-25	0,0%	+10
Samtals	100,0%		100,0%		40,0%			
Hámark skv. samþykktum					50,0%		10,0%	

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu LL og er hún sett fram í töflu samkvæmt uppsetningu í reglum FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

Í töflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

Markmið um eignasamsetning / vikmörk:

Fyrsti dálkurinn sýnir markmið um eignasamsetningu og annar dálkurinn leyfileg frávik frá henni. Sjóðstjóri hefur heimild til að víkja frá fjárfestingarstefnu þannig að eign sjóðsins í tilgreindum verðbréfaflokki sé á leyfðu bili kringum stefnuna.

Núverandi eignasamsetning:

Eignasamsetning LL 31.10.2003

Hámark skv. samþykktum:

Hámarksfjárfesting samkvæmt takmörkunum í lögum um lífeyrissjóði.

Gengisbundin verðbréf / vikmörk:

Dálkurinn sýnir stefnu sjóðsins um fjárfestingar í erlendum verðbréfum. LL stefnir ekki að því að fjárfesta í erlendum skuldabréfum en samkvæmt vikmörkum hefur sjóðstjóri heimild til að fjárfesta allt að 10% í erlendum skuldabréfum. LL stefnir að því að fjárfesta 40% af eignum í erlendum hlutabréfum.

Óskráð verðbréf / vikmörk:

Sjóðurinn stefnir ekki að því að fjárfesta neitt í óskráðum verðbréfum en hefur þó heimild til að fjárfesta allt að 10% í óskráðum verðbréfum ef þau

Önnur atriði úr fjárfestingarstefnu LL.

1. Nokkur munur er á markmiði um eignasamsetningu og núverandi eignasamsetningu. Stefnt er að því að eignasamsetning verði í samræmi við fjárfestingarstefnuna í árslok 2009. Þessu markmiði verði náð með ráðstöfun iðgjalda og afborgana skuldabréfa.

Fjárfestingarstefna

- Viðmiðunarvísitala er notuð til viðmiðunar þegar árangur við ávöxtun er metinn. Markmið LL er að gera a.m.k. jafnvel og vísitölurnar og vinna þannig upp kostnaðinn við rekstur sjóðsins. Viðmiðunarvísitala LL er samsett úr eftirtöldum verðbréfavísitölum:

Ríkisskuldabréfavísitala VÍ (meðaltími 4,3 ár)	38%
Húsbréfavísitala VÍ (meðaltími 9,6 ár)	12%
Vísitala aðallista	10%
MSCI heimsvísitala hlutabréfa	40
Meðaltími skuldabréfa 5,6 ár	
- Virk stýring hlutabréfa. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 50-70% hlutabréfa séu valin með hlutlausri stýringu en 30-50% valin með virkri stýringu.

Ef hlutabréf eru valin með hlutlausri stýringu er leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum í sömu hlutföllum og þau vega á markaðnum og er stefnt að því að ávöxtun sé sú sama og viðmiðunarvísitala. Sjóður með virka stýringu reynir að gera betur en vísitala með því að veðja á að ákveðin fyrirtæki hækki meira en önnur og því eru þau valin inn í sjóðinn.
- Veðhlutföll fasteignatryggðra skuldabréfa skulu að hámarki vera 65% af metnu markaðsverði fasteignar. Á lánum til sjóðfélaga er hámarkið 60% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Ef um er ræða sérhæft atvinnuhúsnæði er hámarkið 35% af metnu markaðsverði.
- Samanlögð eign LL í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, fasteignatryggðum skuldabréfum, skuldabréfum banka og sparisjóða, innlánum í bönkum og sparisjóðum, hlutabréfum fyrirtækja, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og öðrum verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun fyrir „önnur verðbréf“ er 5%.
- Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja er 15% og hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af sömu deild verðbréfasjóðs er 25%.
- Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafnsins er að 40% verði í erlendri mynt og 60% í íslenskum krónum. Viðmiðun fyrir myntsamsetningu erlendra gjaldmiðlæignar Lífeyrissjóðs lækna er gjaldmiðlaskipting Lífeyrissjóður lækna stefnir ekki að því að beita gjaldmiðlavörnum. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og m.v. að sjóðurinn sé í jafnvægi getur hann tekið á sig þær sveiflur sem fylgja gjaldmiðlahreyfingum. Sjóðstjóri hefur þó heimild til að leggja fyrir stjórn tillögu um að gjaldmiðlavörnum verði beitt ef tryggingafræðileg staða sjóðsins er ekki í jafnvægi og taldar eru líkur á að sveiflur á gengi gjaldmiðla geti leitt til skerðingar á réttindum sjóðfélaga. Einnig ef aðstæður á markaði eru metnar þannig að það sé sjóðnum hagkvæmt.
- Við mótun fjárfestingarstefnu LL var gerð spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka næstu fimm ár. Til þess að meta áhættu voru notaðar upplýsingar um flökt ávöxtunar og samfylgni verðbréfa á árunum 1993 til 2003. Út frá þessu er áætlað að meðalnafnávöxtun geti verið 9,0% á ári og árlegt flökt ávöxtunar 7,0%. Ávöxtun verðbréfa sveiflast og er háð mörgum þáttum og því verður að taka þessum tölum með fyrirvara.

Staðfest af stjórn LL 20. nóvember 2003.

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna samkvæmt reglugerð nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Úttekt á raunávöxtun Lífeyrissjóðs lækna árið 2003.

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu LL og er hún sett fram í töflu samkvæmt uppsetningu í reglum FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

Eignaflokkur	Raunáv.	Markmið/viðmið
Skuldabréf		8,4%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,3%	
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	9,2%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6,6%	
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnanna	7,5%	
Fasteignaverðtryggð skuldabréf	5,8%	
Önnur verðbréf	8,2%	
Erlend skuldabréf (gengisbundin verðbréf)	4,8%	
Skuldabréf með erlendri hlutabréfaávöxtun	19,4%	
Hlutabréf		
Innlend hlutabréf	30,7%	40,7%
Erlend hlutabréf (gengisbundin verðbréf)	13,3%	12,1%

Samkv. 6. grein skal þessi tafla fylgja með ársreikningi lífeyrissjóðs.

Við ávöxtunartreikningana var ávöxtun verðbréfasjóða ÍSB brotin niður á eignaflokka og var meðalvægi Lífeyrissjóðs lækna, þ.e. meðaltal af vægi í ársbyrjun og árslok, í viðkomandi sjóði notað til að nálgast „réttar“ ávöxtunartölur fyrir hvern eignaflokk fyrir sig.

Verðbréfasjóðir ÍSB eru gerðir upp m.v. markaðskröfu. Við útreikning á ávöxtun eru reiknaðir út afkastavextir (IRR, internal rate of return) fyrir viðeigandi verðbréf, verðbréfaflokk eða verðbréfasafn hverju sinni. Útreikningarnir taka tillit til allra hreyfinga innan hvers verðbréfaflokks eða verðbréfasafns.

Við ávöxtunartreikning á þeim skuldabréfum sem sjóðurinn á beint var reiknað með kaupávöxtunarkröfu.